



Leiðbeiningar við útfyllingu á leikgreiningareyðublöðum

Skot (víti) skráið númer leikmanns sem reynir skot og setjið hring utan um númerið ef hann skorar.

Frákast telst þegar leikmaður nær valdi á boltanum eftir skot að körfu, bolti má hafa snert gólf.

Bolta tapað þegar leikmaður sendir bolta til mótherja eða útaf eða gerir skref, tvígrip, fær dæmdar á sig 3 sek., fær á sig sóknarvillu, tekur ólöglegt innkast, fær dæmdar á sig 5 sekúndur, fær dæmt á sig mok, fær dæmt á sig fót.

Bolta náð kallast það að ná bolta af mótherja, stela sendingu, fiska sóknarvillu, eða valda því á einhvern annan hátt að mótherji missi bolta.

Stoðsending er sending á leikmann sem hefur **strax** (hann þarf ekki að skjóta strax) **hreyfingu** (hreyfing þarf ekki að vera bein að körfu, hún má innihalda gabbhreyfingar) og skorar.

Leiktími hvers leikmanns er skráður með því að færa inn númer leikmanna sem hefja leikinn og skrá svo mín. og númer þeirra leikmanna sem koma inná.

Varið skot kallast það þegar varnarmaður breytir skoti sóknarmanns með því að snerta boltann.

Telja þarf saman hvern lið og færa inn á samantektarblaðið áður en því er skilað.